



Forystuhrúturinn Jökull 22-978 frá Álftavatni sultuslakur í höndum Páls Þórarinssonar, hrútahirðis á Sauðfjársæðingarstöðinni í Þorleifskoti.
Mynd / Halla Eygló Sveinsdóttir

Forystuféð og Fjárvís

– Breytingar á Fjárvís í þágu forystufjár



Árni B. Bragason.



Daniel Hansen.



Guðrún Hildur Gunnarsdóttir.

Árið 2021 fengust styrkir frá m.a. Framleiðnisjóði landbúnaðarins, til að aðlaga Fjárvís sérstaklega að þörfum forystufjár. Megintilgangurinn var sá að forystueiginleikinn myndi reiknast á milli kynslóða út frá upplýsingum um að hve miklu leyti foreldrar væru af skilgreindum ættum forystufjár. Forystukindur eru skilgreindar sem forystukindur í gegnum ættir þeirra og eftir þessar breytingar reiknast í Fjárvís forystuhlutfall á

lamb strax við vorskráningu út frá upplýsingum um foreldra þess. Ef gripur er 75% af forystuættum eða meira þá er hann skilgreindur sem hreinræktuð forystukind. Forystublendingar sem reiknast með 50–74,9% forystuhlutfall. Forystuhlutfall er birt í Fjárvís í upplýsingum um grip alveg niður í 5%.

Verkefnið sjálft

Í þessari umbótavinnu á Fjárvís kom í ljós að nokkuð var enn um að kindur af forystuættum sem voru ekki skráðar sem forystukindur eða að forystufjárhluftall reiknaðist ekki rétt hjá þeim. Þar með reiknaðist

forystuhlutfall ekki rétt út frá þeim til afkomenda. Áður en þessi breyting var gerð á Fjárvís þurftu fjáreigendur að leita til ráðunauta hjá RML til að skilgreina hverja kind sem forystukind þó hún væri af þekktum forystuættum. Þetta gat farist fyrir að fá gert. Fyrir rúmum áratug var þó gerð gangskör í því að skilgreina forystukindur inni í Fjárvís og bæta æternisupplýsingar og leiddi Jón Viðar Jónmundsson þá vinnu. Við vinnuna við þetta verkefni nú var enn hægt að bæta inn upplýsingum um ætterni þar sem eyður voru í ættartrjám og þær upplýsingar þá sóttar til eigenda eða nákunnugra. Þá var ómetanlegt að eiga fróða menn að sem hægt var að leita til varðandi ættir. Meirihluti vinnunnar snéri að því að uppfæra forystufjárhluftallið frekar en því að æternisupplýsingar skorti beinlínis. Nú eru lagfæringar líklega mjög langt komnar þannig að gagnagrunnurinn á að vera orðinn



Hér er forystuhrúturinn Kobbi sem er fæddur í Sveinungsvík.
Mynd / Guðrún Hildur Gunnarsdóttir

nokkuð réttur. Að sjálfsögðu verður áfram hægt að gera leiðréttingar og allar ábendingar frá fjáreigendum þar um vel þegar hjá starfsfólki RML sem vinnur í sauðfjárræktinni hverju sinni.

Skráning á hæfileikum

Nú getur hver forystufjáreigandi skráð forystueiginleika hvers grips í Fjárvís. Þetta er mikilvægt að gera og getur enginn gert nema sá sem umgengst kindina og þekkir eiginleika hennar. Hvetjum við eigendur forystufjár til að nýta sér alla þá skráningarmöguleika sem í boði eru. Stofninn er svo lítill að auðveldlega er hægt að safna saman öllum mögulegum upplýsingum um hann sem nýtast áfram við ræktun og einnig fyrir þá sem koma til með að rannsaka forystufé sérstaklega.

Fjöldi forystufjár

Í dag eru um 1.400 hreinræktaðar forystukindur skráðar í gagnagrunninn, þ.e. að a.m.k. að 75% af ætterni þeirra eru forystufjáráttir. Auk þessa eru til tæplega 500 forystublendingar (50–74%) sem nýtast við framræktun á forystufénu og stækkar þannig ræktunarhópinn og auka fjölbreytileika hans.

Arfgerðargreining

Nú er búið að arfgerðargreina um 450 núlifandi hreinræktaðar forystukindur með tilliti til hvort þær eru með verndandi, mögulega verndandi, hlutlaus eða áhættuarfgerð gagnvart riðu. Þetta er um 32% af núlifandi stofni. Arfgerð hjá hverri kind skráist sjálfkrafa inn í Fjárvís um leið og niðurstöður greininga liggja fyrir. Markmið með greiningu og ræktun er að eftir einhver ár verði allur stofn forystufjár með verndandi arfgerð. Þess vegna er mikilvægt fyrir bændur að vita hver arfgerð er hjá sínum kindum og nota þegar frá líður til framræktunar þá einstaklinga sem eru með verndandi og mögulega verndandi arfgerð. Athuga þarf þó jafnhliða að týna ekki því eðli sem forystukindin býr yfir og þeim ræktunarmarkmiðum sem í gildi eru um forystuféð. Forystukindin er jú rækтуð vegna þeirra sérstöku eiginleika sem hún hefur að geyma og þeim má ekki tapa. Það er hægt með markvissri notkun hrúta að halda í gott forystueðli og að koma verndandi arfgerð inn í stofninn. Skrefin þarf þó að taka eilítið hægar en almennt ætlunin er með fjárstofninn í heild sinni. Á meðan unnið er að því á fáeinum búum að rækta fram góðar

862 4046

Móhella 3, Hafnarfirði


SKRALLI

RISA ÚRVAL AF HÍFI- OG FESTIBÚNAÐI!

Lilleseth Kjetting

CE-VOTTAÐ

Heildaryfirlit yfir lifandi forystufé og forystublendinga (ær og hrútar) niður í 50%				
Sýsla	Forystuhrútar 75-100%	Forystuær 75-100%	Blendingshrútar 50-74,9%	Blendingsær 50-74,9%
Gullbr.- og Kjósarsýsla	0	1	0	6
Borgarfjarðarsýsla	11	79	3	20
Mýrasýsla	15	53	4	9
Snæfellsnes	6	80	0	9
Dalasýsla	16	64	2	27
Barðastrandarsýslur	16	44	1	14
Vestur-Ísafjarðarsýsla	0	0	0	1
Norður-Ísafjarðarsýsla	1	1	0	0
Strandasýsla	8	37	0	19
Vestur-Húnavatnssýsla	3	32	2	34
Austur-Húnavatnssýsla	12	77	11	39
Skagafjörður	13	84	4	39
Eyjafjörður	17	106	3	26
Suður-Þingeyjarsýsla	40	91	2	28
Norður-Þingeyjarsýsla	29	160	7	36
Norður-Múlasýsla	19	54	3	22
Suður-Múlasýsla	4	9	3	17
Austur-Skaftafellssýsla	2	14	3	27
Vestur-Skaftafellssýsla	6	11	0	2
Rangárvallasýsla	12	75	2	25
Árnessýsla	40	106	2	25
	270	1178	52	425
Samtals 1925 - 322 hrútar og 1603 ær. Tekið saman í byrjun febrúar 2025. Ath. að skráðir sauðir og lifandi lömb eru ekki með í þessum tölum.				



Myndin hér að ofan sýnir hlutfall arfgerða í forystuám. Til nánari glöggvunar höfum við tekið út algengustu flöggin eða villitýpuna (gulu flöggin) bæði arfhreinar og arfblendnar. Þá sjáum við að mikið er, eins og áður hefur komið fram, af rauðum flöggum. 13 ær bera þó mögulega verndandi genið H154 á móti áhættugeninu, sjá röndóttu súluna. Örfáar ær bera N138 (arfhreinar) og nokkrar bera gula flaggið á móti N138 (bláröndóttu súlan). Aðeins eru til fimm ær arfhreinar fyrir H154 .

forystukindur sem jafnframt eru með verndandi arfgerðina R171 er lögð áhersla á að auka hlutdeild mögulega verndandi arfgerðarinnar H154 hjá forystufénu í gegnum sæðingar. Miðað við þær niðurstöður sem liggja fyrir úr arfgerðagreiningum hjá forystufé virðist tíðni áhættuarfgerðarinnar V136 vera hærrí hjá forystufénu en almennt gerist í fjárstofninum og þyrfti að vinna markvisst að því að ná tíðni þeirrar arfgerðar hratt niður. Mögulega verndandi arfgerðirnar C151 og T137 virðast varla vera til í forystufénu miðað við þær niðurstöður greininga sem liggja fyrir.

Ákaflega mikilvægt er að halda áfram að arfgerðargreina forystufé. Einungis þannig má útrýma áhættuarfgerðinni og ná að blanda í vaxandi mæli inn verndandi og mögulega verndandi arfgerðum. Samhliða því meta gripina með tilliti til forystueiginleika þeirra og velja vel úr hópnum til ásetnings.

Forystukindur ekki með í ársuppgjöri búsins – Forystufé sem stendur utan skýrsluhalds

Rétt er að taka það fram að við ársuppgjör í Fjárvís reiknast forystufé þar utan við sé það rétt skráð enda ræktunarmarkmið forystufjár allt önnur. Miðast þetta við kindur sem eru 50% eða meira af ættum forystufjár. Margir bændur voru ekki með sitt forystufé skráð í Fjárvís til að koma í veg fyrir að það skekkti ársuppgjör búsins. Nú er engin hætt á því lengur þegar forystukind er skráð sem slík í gagnagrunninum. Það gætu þó enn leynst einhverjar forystukindur utan skýrsluhalds inni á búum sem eru í skýrsluhaldi. Nokkur ár eru samt frá því að byrjað var á að taka forystufé til hliðar áður en ársuppgjör búa eru reiknuð og flestir bændur hafa þegar áttað sig á því svo forystukindur þeirra

koma fram í Fjárvís. Fyrir utan þennan möguleika er eitthvað enn til af óskráðu forystufé í landinu í hjörðum sem standa utan skýrsluhalds. Þetta forystufé má nú í flestum tilfellum tengja við þekktar ættir forystufjár í landinu ef upplýsingar um ætterni liggja fyrir. Til að taka þátt í skýrsluhaldi er um tvær leiðir að velja.

a) Bóndi í lögbundnu skýrsluhaldi

Hefur þá alla skráningarmöguleika sem þarf til að skýrsluhald uppfylli ákvæði reglugerðar um stuðning við sauðfjárrækt varðandi greiðslur frá hinu opinbera. Veitir ekki aðgang að neinum sameiginlegum skýrslum skýrsluhaldsins.

(Verð skv verðskrá RML 2024: 14.650 kr.)


b) Bóndi í almennu skýrsluhaldi – Félagar í BÍ fá afslátt af þessari áskriftarleið

Fullur aðgangur, allir skráningarmöguleikar til staðar og aðgangur að öllum sameiginlegum skýrslum skýrsluhaldsins. Gerir notanda kleift að taka út gögn á Excel-formi til frekari úrvinnslu.

(Verð skv verðskrá RML 2024): Félagar BÍ: 26.553 kr. Utan félagsaðildar: 37.935 kr.

Mikill fengur er að því að sem allra flestir fjáreigendur taki þátt í sameiginlegu skýrsluhaldi sauðfjárræktarinnar. Það á ekki síst við þá sem eiga forystufé því þetta er örlítið fjárkyn sem einungis er til hér á Íslandi. Það væri óskastaðan að allt forystufé í landinu væri þekkt og skráð í Fjárvís.

Árni B. Bragason er ráðunaur RML, Daniel Hansen, forstöðumaður Fræðaseturs um forystufé, og Guðrún Hildur Gunnarsdóttir, ráðunautur RML.



Búnaður fyrir þig og hestinn þinn

Kíktu í íslensku vefverslun okkar eða í Hrímnir Store í Mosfellsbæ



Skoða opnunartíma



www.hrimnir.shop | /hrimnir.collection | @hrimnircollection | @hrimnircollection

SAUÐBURÐUR

Þú færð allt fyrir sauðburðinn hjá okkur!

Fjárbætir | Stein- og bætiefni | Burðargel
Sóttthreinsandi undirburður | Salt | Kalk orkuskot
Selen | Lambboost | Joð | Merkisprey og litir
Vinnugallar og margt fleira...



Sendum um land allt!

velaval.is alltaf opin!

VÉLAVAL

Sími: 453 8888 - Opið virka daga kl. 9-17 | Við Norðurlandsveg - 560 Varmahlíð



SEGWAY AT5

#1 mest selda hjól í sínum flokki á landinu árið 2024*

500cc - 39 hestöfl - 44Nm tog
12" álfelgur - 25" dekk
1.349.000 með vsk.



SEGWAY AT6

#1 mest selda hjól í sínum flokki á landinu árið 2024*

570cc - 44 hestöfl - 48Nm tog
14" beadlock felgur - 26" dekk
1.599.000 með vsk.



SEGWAY AT10

nýtt!

1000cc - 97 hestöfl - 92Nm tog
14" beadlock felgur - 27" dekk
2.299.000 með vsk.

Öll Segway hjólin eru tveggja manna og götuskráð (T3 dráttarvél), með læsanleg mismunadrif framan og aftan, með dráttarkúlu og spili, handahlífum og sætisbaki. Við sendum öll hjól án aukakostnaðar á næstu afgreiðslustöð Samskipa.



Hafnarfjörður: Selhella 1 - Sími 546 0415 | Akureyri: Frostagata 2 - Sími 415 6415

nánari upplýsingar á hesja.is | hesja@hesja.is

*Skv. skráningartölum Samgöngustofu fyrir árið 2024 eru AT5 mest skráðu 400-500cc fjórhjólin og AT6 mest skráðu 500-600cc fjórhjólin í T3 flokknum.